

Rannsóknastöðin Rif ses.

Ársskýrsla 2018



Inngangur

Rannsóknastöðin Rif var formlega stofnuð 23. maí 2014 og er afsprengi verkefnis Byggðastofnunar um „Brothættar byggðir“. Árið á undan hafði Náttúrustofa Norðausturlands unnið að undirbúningi stöðvarinnar með stuðningi Byggðastofnunar, Vaxtarsamnings Norðausturlands (VAXNA) og Styrktarsjóðs EBÍ (Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands). Rannsóknastöðinni er ætlað að skapa jarðveg fyrir rannsóknir og þekkingarsköpun sem byggir á náttúrufarslegri sérstöðu Melrakkasléttu, m.a. hvað varðar áhrif loftslagsbreytinga og aukinna umsvifa mannsins á vistkerfi norðurslóða. Aðgengilegur norðurhluti Melrakkasléttu er skilgreindur sem heimskautasvæði (e. *Low Arctic*) og hentar því afar vel fyrir slíkar rannsóknir.

Hlutverk og markmið


Rannsóknastöðin Rif er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá í samræmi við lög nr. 19/1988. Náttúrufarsleg sérstaða Melrakkasléttu, nálægð við heimskautsbaug og tengsl svæðisins við náttúru norðurslóða mótar hlutverk og megin markmið Rifs sem er þrjúþætt:

1. Að efla og auka náttúrurannsóknir á Melrakkasléttu, m.a. með hliðsjón af skuldbindingum Íslands í norðurslóðasamstarfi
2. Að safna saman og miðla upplýsingum um náttúrufar á svæðinu til almennings, stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins
3. Að styðja nærsamfélagið með því að taka þátt í samfélaginu, m.a. með fræðslu og stuðningi við náttúrutengda ferðamennsku.

Nánari útfærslu og útskýringar á markmiðunum má sjá í stefnu Rifs.

Stjórn

Eftirtaldir aðilar skipuðu stjórn Rannsóknastöðvarinnar Rifs árið 2018 og helst sú skipan óbreytt frá fyrra ári.



Stjórnskipan Rannsóknastöðvarinnar Rifs árið 2018.

Starfsemi árið 2018

Störf stjórnar

Almennt hefur verið unnið út frá þeirri stefnu er mótuð var í greinargerð um Rif sem unnin var af Náttúrustofu Norðausturlands í aðdraganda stofnunar stöðvarinnar. Í greinargerðinni var sett fram stefnumótun um starfsemi rannsóknastöðvarinnar og rekstraráætlun til þriggja ára. Auk þess er þar að finna yfirlit um náttúrufar og fyrri rannsóknir á Melrakkaslétu. Vinnu varðandi framtíðar stefnumótun og skipulag stöðvarinnar, sérstaklega með tilliti til skipulags vöktunar, var haldið áfram á árinu og tekið mið af henni í starfsemi ársins 2018.

Stjórn Rifs fundaði formlega alls þrisvar sinnum á árinu 2018. Fyrsti fundurinn var haldinn 1. mars hjá Náttúrustofu Norðausturlands á Húsavík. Hluti stjórnarmanna tók þá þátt í gegnum síma og gaf það góða raun. Aðalfundur stöðvarinnar þann 12. apríl var svo haldinn í aðstöðu Rifs að Aðalbraut 16, Raufarhöfn. Þriðji og síðasti stjórnarfundur ársins fór fram þann 29. október í húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands í Garðabæ en daginn eftir var svo haldinn sérstakur vinnufundur á sama stað um uppbyggingu vöktunar með hlutaðeigandi aðilum.

Reiknað er með að unnið verði áfram að skipulagsmálum og stefnumótun fyrir Rannsóknastöðina Rif í byrjun árs 2019 í samræmi við yfirstandandi verkefni, fjárveitingar auk fjölda og eðlis þeirra umsókna um afnot af rannsóknastöðu sem berast munu stöðinni.

Húsnæði og aðstaða

Árið 2018 var húsnæðisaðstaða rannsóknastöðvarinnar áfram samrekin með gistiheimilinu Hreiðrinu að Aðalbraut 16, Raufarhöfn. Gert er ráð fyrir því að sá háttur verði einnig hafður á út árið 2019. Rannsóknastöðin hafði áfram afnot af jörðinni Rifi, nyrstu jörð landsins, samkvæmt samkomulagi við Ríkiseignir sem hafa umsjón með fasteignum, jörðum og auðlindum í eigu ríkisins í umboði fjármálaráðuneytis. Samkomulagið gildir til ársins 2024.

Uppbygging er hafin á bættri rannsóknastöðu sem er liður í aukinni þjónustu við gesti stöðvarinnar. Styrkur fékkst í gegnum verkefni Byggðastofnunar „[Raufarhöfn og framtíðin](#)“ árið 2017 til kaupa á innréttingu og rannsóknabúnaði, m.a. víðsjá með netkorti og myndbandsbúnaði. Jafnframt því að nýtast til vísindarannsókna mun aðstaðan auka sérstöðu svæðisins og nýtast nemum í náttúru- og raunvísindum á öllum skólastigum. Uppbyggingin er unnin í samstarfi við skólastjórnendur Grunnskóla Raufarhafnar og fræðslunefnd Norðurlands og er í húsnæði grunnskólans. Vorið 2018 var sett upp innrétting í einni stofu skólans auk þess sem fjárfest var í víðsjá og stólum. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu og tækjakaupum í samræmi við þær áætlanir er settar voru fram í sérstakri greinargerð um verkefnið.

Starfsmannamál

Jónína Sigríður Þorlákisdóttir, líffræðingur (B.Sc) með M.Sc í umhverfis- og auðlindafræði frá HÍ sem ráðin var til stöðvarinnar í júlí 2015, gegndi áfram 100% stöðu forstöðumanns framan af ári en fór í fæðingarorlof um miðjan maí. Hrönn G. Guðmundsdóttir var ráðin inn sem staðgengill hennar frá miðjum apríl til ársloka með möguleika á áframhaldandi verkefnum. Hrönn er með BA gráðu í heimspeki frá Háskóla Íslands og útskrifaðist árið 2014 með M.Sc. gráðu í umhverfis- og sjálfbærnifræðum frá háskólanum í Lundi í Svíþjóð. Að auki hefur hún lokið diplómanámi í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands. Hrönn er uppalin á Kópaskeri og því einnig vel kunnug svæðinu.

Kynningar- og samfélagsstarf

Fréttabréf stöðvarinnar kom út á vordögum 2018 og var það sent á helstu stofnanir, félög, þingmenn, ráðuneyti og fleiri aðila sem gætu haft áhuga á og hag af því að fylgjast með framvindu mála. Var þar sagt frá þeim verkefnum og uppbygginu sem unnið hefur verið að á árinu svo og starfseminni almennt, þar með talið ráðningu staðgengils forstöðumanns stöðvarinnar. Stefnt var á að gefa út annað bréf í desember en það náðist því miður ekki fyrir árslok og mun það því bíða fram í byrjun árs 2019. Í október var svo útbúið stutt minnisblað um starfsemina og framtíð verkefnisins sem sent var á ráðuneyti, þingmenn og fjárlaganefnd Alþingis í tengslum við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2019. Tilgangur þess var að þrýsta á að áframhaldandi framlag til Rífs myndi fást á fjárlögum næsta árs og tryggja þar með rekstrargrundvöll stöðvarinnar.

Í lok maí var starfsemi rannsóknastöðvarinnar kynnt á vettvangi samvinnunefndar um málefni norðurslóða. Forstöðumaður tók einnig þátt í málstofu um ferskvatnsrannsóknir og -vöktun á Arctic Circle ráðstefnunni í október 2018 og kynnti þar ferskvatnsvöktun á Melrakkaslétu í tengslum við starfsemi Rífs.

Eins og árið 2017 var lögð áhersla á virkni og sýnileika innan samfélagsins og skipulagði forstöðumaður m.a. strandhreinsunardag á Melrakkaslétu í tengslum við Alþjóðlega hreinsunardaginn (e. World Cleanup Day – sjá www.worldcleanupday.org). Á þriðja tug manna tók þátt í hreinsuninni sem fór fram 15. september og var unnin í samstarfi við Norðurþing og starfsmenn áhaldahúss Raufarhafnar. Þá skipulagði forstöðumaður stutt fræðslunámskeið um umhverfismál og vöktun í samstarfi við Grunnskóla Raufarhafnar og fóru fyrirlestrar og verkleg kennsla fram í september. Fréttum af starfseminni (gestum, verkefnum, styrkveitingum, fróðleiksmolum o.fl.) var svo dreift á Facebook og heimasíðu Rífs jafnóðum auk þess sem stöðin var virk á Instagram. Árið 2018 tók rannsóknastöðin Ríf þá ákvörðun að kolefnisjafna starfsemi stöðvarinnar með því að styrkja Votlendissjóð og er reiknað með að árið 2019 verði sá háttur einnig hafður á. Forstöðumaður tók þátt í verkefni Landverndar sem snéri að uppgræðslum á Hólssandi í samstarfi við Landgræðsluna (CARE: Græðum Ísland, sjá <https://landvernd.is/care>). Í kjölfarið er til skoðunar samstarf þessara aðila um uppgræðslu rofsvæða á jörð Rífs.




Lengst til hægri: sjálfboðaliðar í verkefninu Græðum Landið á vegum Landverndar skoða rofið land í Hólsfjallagirðingunni ásamt Daða Lange héraðsfulltrúa Landgræðslunnar á Húsavík. Í miðjunni: Þátttakendur í strandhreinsun sem Ríf stóð fyrir á Melrakkaslétu í September með góðan feng. 3. Nemandi spreytir sig með viðsjá í tengslum við fræðsluverkefni stöðvarinnar í Grunnskóla Raufarhafnar.

Nýting aðstöðu og rannsóknir árið 2018

Starfsemi stöðvarinnar var með svipuðu sniði árið 2018 og síðustu tvö ár þar á undan hvað varðar fjölda gesta, gistinátta og sjálfstæðra verkefna. Að venju fór mikill tími í samskipti, ut anumhald og ýmiskonar verkefni tengd þeim gestum er sóttu stöðina heim á árinu auk vinnu vegna áframhaldandi skipulags þurrlandisvöktunar.

Heldur fleiri gestir dvöldu í stöðinni 2018 en árið þar á undan eða 79 talsins (195 gistinætur) samanborið við 65 árið 2017 (160 gistinætur). Sjálfstæð verkefni voru þó talsvert færri eða 12 talsins miðað við 25 árið 2017 en hópar ársins 2018 voru almennt stærri en árið á undan. Stundaðar voru ýmiskonar athuganir, s.s. á sviði skordýra-, fugla-, atferlis-, veður- og örveruvistfræði en um er að ræða bæði innlenda og erlenda aðila. Mikill breytileiki var í stærð hópa, allt frá stórum nemendahópum niður í einstaka rannsakendur. Alls bárust fjórar umsóknir til stöðvarinnar í gegnum fjölþjóðlegan aðgang INTERACT samstarfsins. Aðeins ein þeirra var samþykkt og dvaldi sex manna hópur tvær nætur í stöðinni á meðan á rannsóknum þeirra stóð.



Fjöldi gistinátta, gesta og sjálfstæðra verkefna frá stofnun stöðvarinnar árið 2014 til ársloka 2018.

Eins og fyrri ár var mófuglavöktun framkvæmd á landi Rífs á vegum Náttúrustofu Norðausturlands þar sem talið var á föstum sniðum. Að venju átti rannsóknastöðin svo gott samstarf við Ólaf K. Nielsen fuglafræðing hjá Náttúrufræðistofnun vegna vöktunar rjúpu og fálka á svæðinu. Á árinu hófst einnig undirbúningur vegna uppsetningar rykmæla á Raufarhöfn í tengslum við rannsókn þýskrar jarðvísindastofnunar á uppsprettu, dreifingu og áhrifum ryks frá Íslandi í samstarfi við sérfræðinga innan Landbúnaðarháskóla Íslands. Áætlað er að mælarnir verði settir upp árið 2020 en haustið 2018 heimsótti liðsmaður stofnunarinnar Raufarhöfn og valdi mælunum stað.

Líkt og sumarið 2017 var sett upp smádýravöktun með notkun fall- og tjalldgildra í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, en um er að ræða fyrstu markvissu vöktun smádýra sem framkvæmd er á Melrakkasléttu. Vöktunin mun einnig fara fram sumarið 2019 en eftir það á 3-5 ára fresti. Ætlunin er að tengja vöktunina þurrlandisvöktunaráætlun Rífs sem unnin er í samstarfi við CAFF, CBMP og INTERACT en úrvinnsla er í höndum Náttúrufræðistofnunar. Undirbúningur ferskvatnsvöktunar á landi Rífs hófst árið 2018 í samstarfi við Náttúrufræðistofnu Kópavogs og Hafrannsóknastofnun. Mun sú vöktun hefjast vorið 2019 en framkvæmdin mun að mestu verða í höndum Náttúrustofu Norðausturlands.


Stjórn Rifs og forstöðumaður héldu sérstakan vinnufund um uppbyggingu vöktunar á Melrakkaslétu í lok október 2018. Fundinn sátu aðilar frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Háskóla Íslands og Hafrannsóknastofun. Gerð hefur verið greinargerð út frá niðurstöðum vinnufundarins sem höfð verður að sjónarmiði við áframhaldandi skipulag og vinnu innan þessa áfanga.

INTERACT

Rannsóknastöðin Rif er áfram virkur meðlimur INTERACT, öflugs samstarfs rannsóknastöðva á norðurslóðum. Stöðin nýtur góðs af stórum styrk sem verkefni samstarfsins fékk í gegnum Horizon 2020 áætlun Evrópusambandsins í lok árs 2016 og er Rif þar beinn þátttakandi í þremur vinnupökkum. Þeir eru:

1. VP3: Vettvangur stöðvarstjóra innan INTERACT (Station Manager's Forum)
2. VP5: Fjölbjóðlegur aðgangur vísindamanna að rannsóknastöðvum innan samstarfsins (Transnational Access)
3. VP7: Efling og samhæfing vöktunar líffræðilegs fjölbreytileika (Improving and harmonizing biodiversity monitoring)

Forstöðumaður sótti sérstakan fund stöðvarstjóra sem var haldinn í Suður-Týrol á Ítalíu í lok mars og einnig aðalfund samstarfsins sem fór fram í Salekhard í Rússlandi í lok september. Forstöðumaður Rifs ásamt Kára Fannari Lárussyni frá CAFF skrifstofunni á Akureyri kynntu sérstaklega verkefni og áfanga tengda VP7 á aðalfundinum og fór forstöðumaður einnig í viðtal hjá sjónvarpsstöð á staðnum.



Frá vinstri: Jónína forstöðumaður í Kloster Neustift, Suður-Týrol á Ítalíu þar sem fundur stöðvarstjóra INTERACT var haldinn; Hrönn, stjórnarliðarnir Þorkell Lindberg og Starri og aðrir fundargestir VP7 vinnufundar í Kaupmannahöfn; Stund milli stríða á vinnufundi um gagnapakka VP7 verkefnisins – fundargestir í sjósundi við Akureyri.

Önnur útborgun vegna styrkveitingar Horizon 2020 áætlunarinnar fór fram í september 2018 en hluti þeirra peninga er féll í hlut Rifs hefur þegar verið nýttur til að standa straum af kostnaði við þátttöku í vinnufundum og í endurgreiðslur tengdar fjölbjóðlegum aðgangi vísindamanna. Eins og áður sagði sóttu fjórir hópar um aðgengi að Rannsóknastöðinni Rifi árið 2018 og fékkst ein umsókn samþykkt. Átta umsóknir hafa nú þegar borist vegna ársins 2019 en síðasti möguleiki til að sækja um aðgang innan ramma þessarar styrkveitingar er árið 2020. INTERACT samstarfið hefur nú þegar hafist handa við undirbúning þriðju styrkumsóknar sinnar til Evrópusambandsins og mun Rif taka fullan þátt í þeirri vinnu.

Hér á eftir verður nánar fjallað um verkefni og áfanga innan vinnupakka 7 en þar er Rif lykilaðili.

Efling og samhæfing vöktunar líffræðilegs fjölbreytileika

Rannsóknastöðin er ein þriggja stöðva innan INTERACT sem vinnur nú að innleiðingu, uppbyggingu og framkvæmd CBMP-vöktunaráætlunarinnar (Circumpolar Biodiversity Monitoring Program). Áætlunin er eitt af lykilverkefnum CAFF (Conservation of Arctic Flora and Fauna) en CAFF er vinnuhópur um líffræðilega fjölbreytni á vegum Norðurskautsráðsins og er einnig meðlimur í INTERACT samstarfinu. Þessu verkefni hefur verið úthlutað veglegri upphæð af Evrópustyrk INTERACT til að hefja uppbyggingu og framkvæmd vöktunarverkefnisins. Árið 2018 var lokið við fyrstu útgáfu vöktunaráætlunar fyrir Rif sem byggir á þurrlandis- og ferskvatnsvöktunarhluta CBMP en nálgast má áætlunina m.a. á heimasíðu INTERACT (sjá <https://eu-interact.org/tracking-biodiversity/>). Annar vinnufundur verkefnisins var haldinn í Kaupmannahöfn í lok apríl þar sem fulltrúar Rifs, CAFF, CBMP og hinna tveggja stöðva verkefnisins, CHARS í Kanada og Zackenberg á Grænlandi, komu saman. Auk vöktunaráætlunarinnar var farið sérstaklega yfir væntanlega staðsetningu veðurstöðvar sem svo var sett upp á landi Rifs í september í samstarfi við Veðurstofu Íslands. Rannsóknastöðin leigði bifreið sumarið 2018, m.a. til að hægt væri að kanna landsvæði Rifs nánar með tilliti til vöktunaráætlunarinnar og uppsetningar stöðvarinnar, og varð fyrir valinu að hafa hana nær sjónum upp á auðvelt aðgengi. Staðsetningin var einnig valin með það að sjónarmiði að sem fjölbreyttastar vistgerðir væru til staðar.

Gögn frá nemum og myndir frá vefmyndavél stöðvarinnar má nálgast inn á vef Veðurstofunnar, vedur.is, en áfram verður unnið að því að gera gögnin aðgengilegri í framhaldinu.

Sérstakur fundur um gagnastjórnun (e. Data management) innan vinnupakkans var svo haldinn í ágúst 2018 en þar voru fyrstu drög gagnaáætlunar fyrir Rif og vinnupakkann í heild sinni kynnt og endurskoðuð. Sérfræðingur frá Háskólanum í Árósum, sem m.a. heldur utan um gagnaveitu Zackenberg stöðvarinnar, hefur unnið með hópnum að gerð áætlunarinnar. Þriðji formlegi fundur vinnuhópsins verður svo haldinn á Raufarhöfn í júní 2019.


Rekstur og fjárhagsstaða

Í gegnum INTERACT er fjármagn tryggt fyrir hluta gistinátta og ferðakostnaðar erlendra vísindamanna sem vilja sækja Rif heim á árinu í gegnum Transnational Access pakka samstarfsins. Einnig fær Rif fjármagn til uppbyggingar í gegnum vinnupakka 7 og styrk til að sækja fundi á vegum INTERACT. Fjármagn til rekstrar og umsjónar stöðvarinnar fæst þó ekki í gegnum samstarfið og byggir því á áframhaldandi fjármögnun annars staðar frá.


Heildartekjur Rannsóknastöðvarinnar Rifs á síðasta ári voru 17.812.429 kr. Þar af fengust 4.742.045 kr sem skilyrt fjármagn gegnum INTERACT. Stöðin hlaut 10 milljón kr. framlag á fjárlögum gegnum mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2018, en einnig voru 2ja millj. kr. eftirstöðvar fjárlaga 2017 greiddar út í byrjun janúar. Tekjur vegna útseldrar vinnu, þ.e. samnings við CAFF um samhæfingarstjórn þurrlendisvöktunarhóps CBMP, námu 494.520 kr. og eigin tekjur vegna aðstöðunotkunar gesta voru 575.864 kr.

Heildarútgjöld vegna rekstrar stöðvarinnar árið 2018 námu kr. 14.627.676 en þar af var launakostnaður kr. 8.895.821.

Hlutfallslega skiptingu tekna og útgjalda Rannsóknastöðvarinnar Rifs má sjá hér að neðan en nánar er gerð grein fyrir fjárhag og rekstri í ársreikningi fyrir árið 2018.



Hlutfallsleg skipting tekna Rannsóknastöðvarinnar Rifs árið 2018



Hlutfallsleg skipting útgjalda Rannsóknastöðvarinnar Rifs árið 2018